

Nd.

464. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „lögum þessum“ komi: 1. gr.
2. Við 6. gr. Í stað „laganna“ komi: 1.—5. gr.
3. Á eftir 6. gr. komi fjórar nýjar greinar er hljóði svo:
 - a. (7. gr.) Veðdeild Landsbanka Íslands skal gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa samkvæmt ákvörðun Húsnæðisstofnunar ríkisins. Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum launafólks vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, svo sem íbúðabygginga, íbúðakaupa, endurbóta og breytinga á árunum 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna heimilisstofnunar, innbúskaupa og kaupa á búnaði, verkfærum og tækjum sem launafólk hefur þarfnast vegna vinnu sinnar á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum eru:

 1. Veðskuldabréf þau sem veðdeildin fær frá lántakendum.
 2. Ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins.
 3. Ábyrgð ríkissjóðs.
 - b. (8. gr.) Lán samkvæmt 7. gr. skulu aðeins veitt gegn veðum í fasteignum.

Ákvörðun um lánakjör skal tekin af Veðdeild Landsbanka Íslands ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka sem eiga skal sæti í stjórn lífeyrissjóðs á vegum samtakanna og þau tilnefna: Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Sambands bankamanna. Leitað skal samþykkis félagsmálaráðherra áður en ákvörðunin öðlast gildi.
 - c. (9. gr.) Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa launafólki í leiguhúsnæði á vegum ríkisins og stofnana þess að veðsetja leiguhúsnæði sitt til tryggingar á lánum skv. lögum þessum enda sýni leigutakar fram á að þeir eigi í lausafjármunum, s. s. innbúi, bifreið o. þ. h., eignir er svari a. m. k. lánsfjárhæðinni og fallist á að veita ríkinu eða hlutaðeigandi ríkisstofnun veð í þeim eignum eða aðra tryggingu fyrir skilvísri greiðslu lánsins.
 - d. (10. gr.) Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd 7.—10. gr., svo og um frekari skilyrði ef þurfa þykir. Skal hann leita umsagnar stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins svo og Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Sambands bankamanna.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um breytingu á lausaskuldum bænda og launafólks í löng lán.